

Nefndasvið Alþingis
b.t. Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur 29 apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr 81/2003 (Þskj. 1102.)

Núll-Níu ehf er félag skráð á Ísland, með íslenskt fjarskiptaleyfi og er að hefja sölu á fyrirframgreiddri GSM þjónustu á erlendum mörkuðum. Félagið er í eigu tveggja stofnenda félagsins, þeirra Lárusar Jónssonar og Fanneyjar Gísladóttur og Hollenska símafélagsins Scarlet Holding B.V. Mörg ár og tugir milljóna hafa þegar verið lagðir í undirbúning þjónustu og er áformað að sala á fyrirframgreiddri símaþjónustu hefjist í sumar. Félagið er í samstarfi við Og Fjarskipti hf. á Íslandi og hefur fest kaup á GSM tækjabúnaði sem staðsettur er í tækjasölum Og Fjarskipta hf í Síðumúla, Reykjavík ásamt búnaði sem staðsettur verður erlendis. Félagið hefur auk þess gert þjónustusamning við Og Fjarskipti hf með það fyrir augum að nýta þá þekkingu sem er til staðar á Íslandi í því augnamiði að útvíkka markaðinn með markaðssókn á erlenda markaði.

Samkvæmt frumvarpinu er þess getið að í fjarskiptaáætlun skuli meðal annars leggja áherslu á að auka samkeppnishæfni Íslands og stuðla að framþróun atvinnulífs sem tengjast fjarskiptum. Atriði í frumvarpinu eins og það liggur fyrir eru hinsvegar til þess fallin að hindra þetta.

Félagið gerir ekki athugasemdir við skyldu Íslenskra fjarskiptafélaga að halda skrá yfir kaupendur símkorta sem seld eru svo framarlega sem hér sé um að ræða kort seld á íslenska markaðinum. Jafnframt telur félagið það vera grundvallaratriði að skýrt komi fram í frumvarpinu að þessi skráning kaupenda símkorta gildi eingöngu um sölu korta til Íslendinga á Íslandi en ekki um sölu símkorta Íslenskra fjarskiptafyrirtækja á erlendum mörkuðum þar sem þessi lög hafa ekki gildi. Óeðlilegt er að krefjast þess að erlendir notendur lúti íslenskum lögum í stað laga síns heimalands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

2. gr.

Bent er á að íslensk lögregluþvöld hafa ekki lögsögu yfir hlerunum á sínum erlendra ríkisborgara, með erlenda símkortþjónustu né símtala sem eiga sér stað á farsímanetum erlendra farsímafélaga erlendis. Því er nauðsynlegt að skýrt komi fram að eingöngu er um að ræða hlerun á þeim fyrirframgreiddu símkortum sem seld eru og notuð á íslenska markaðnum og í íslenskum farsímanetum af Íslendingum eða aðilum með lögheimili hér á landi.

Núll níu ehf gerir einnig athugasemdir við kröfuna um að símfyrirtæki skulu eiga að bera kostnaðinn af hlerunum yfirvalda. Eðlilegra er að yfirvöld beri kostnað af hlerunum enda eru það þau sem sækjast eftir upplýsingum. Sú lausn sem nefnd er um skyldu Landssímans til þess að veita aðgang að sínum hlerunarbúnaði leysir ekki málið þar sem Landssíminn mun innheimta tugi þúsunda af hverri einstakri hlerun af þeim símfyrirtækjum sem ekki hafa burði til að koma upp hlerunarbúnaði. Eðlilegra er að reikningar vegna hlerana séu sendir til verkbeiðanda, t.d. lögregluþvölda fari þau fram á hlerun.

5. gr.

Lagt er til að þessi málsgrein verði felld úr frumvarpinu. Þessi grein er til þess eins fallinn að útiloka samkeppnismöguleika minni fjarskiptafyrirtækja á Íslandi og þá sér í lagi á landsbyggðinni þar sem Landssíminn er nú þegar nánast í einokunaraðstöðu.

8. gr.

Hér er um að ræða mjög opna heimild til embættismanna um að setja reglugerðir sem geta verið skaðlegar fyrir íslensk fjarskiptafyrirtæki. Í greininni er talað um skyldu kaupenda til að framvísa skilríkjum. Hér er aftur bent á, að taka verður fram í frumvarpinu, að þessi regla gildi eingöngum um kaup og sölu símkorta til Íslendinga og aðila sem búsettir eru á íslenska markaðnum og seldum á Íslandi.

Til dæmis gæti upphaf að 8gr. hjóðað svo :

“Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að halda skrá yfir notendur sem búsettir eru á Ísland og sem úthlutað hefur verið númerum sem notuð eru í fastlínu-og farsímakerfum á Íslandi.....”

Ef þetta kemur ekki skýrt fram þá er verið að hefta samkeppni Íslands og framþróun atvinnulífsins á sviði sem tengjast fjarskiptum, sem er andstætt því sem leggja skal áherslu á í fjarskiptaáætlun. Þannir verður fótunum kippt undan rekstrargrundvelli íslenskra farsímafyrirtækja svo sem Núll níu ehf. sem eru í eða áforma erlenda markaðssókn. Bent skal á að krafan um framvísun skilríkja kemur í veg fyrir nútíma viðskiptahætti svo sem beina sölu á vöru og þjónustu yfir internetið og hefur það í för með sér aukin kostnað íslenskra fjarskiptafyrirtækja umfram erlend fyrirtæki sem leyfa sölu á fjarskiptaþjónustu yfir internetið og krefjast þess ekki að kaupandi sýni skilríki.

9. gr.

Hér er aftur bent á að taka verður fram í frumvarpinu að þessi regla gildi eingöngum um fjarskiptaþjónustu sem notuð er á íslenska markaðnum.

Eins og skýrt hefur komið fram hér að framan er þetta afturför sem rírir samkeppnishæfni Íslands og heftir framþróun atvinnulífs á sviði fjarskipta. Með þessu er hætt á að rekstrargrundvelli Núll níu ehf og annara fyrirtækja sem í framtíðinni hyggja á útrás verði stefnt í mikka hættu nema sett verði inn í frumvarpið ákvæði sem taki fram að kröfur um skráningu og hleranir gildi eingöngu um símkort sem seld eru til aðila sem búsettir eru á Íslandi. Það er óeðlilegt að settar séu í lög kröfur um að íslensk fyrirtæki framfylgi íslenskum lögum á erlendum mörkuðum, í löndum þar sem íslensk lög hafa ekki gildi og jafnvel þar sem samsvarandi lög eru ekki fyrir hendi og geta jafnvel verið í andstöðu við gildandi lög þar, t.d.lög um persónuvernd. Núll níu ehf hefur lagt í tugmilljóna kostnað í því augnamiði að ná fótfestu á gríðarstórum markaði GSM viðskiptavina sem nota kort sín fjarri sínu heimalandi. Áætlað er að þessi markaður (Reikimarkaðurinn) velti um 300 milljörðum króna á ári og eru mikil sóknarfæri á þessum markaði og til mikils að vinna. Núll níu ehf treystir því og trúir að Alþingi samþykki ekki óbreytt frumvarp sem getur stefnt framtíð félagsins í algjöra óvissu og uppnám og komið í veg fyrir möguleika íslenskra fjarskiptafyrirtækja til útrásar á erlenda markaði. Verði ekki gerðar breytingar á frumvarpinu þá mun draga stórlega úr mögulegri samkeppni Íslands og hindra framþróun atvinnulífsins á sviði sem tengist fjarskiptum, sem gengur þvert á tilgang laganna.

Niðurlag:

Að krefjast skráningar á notendum farsímaþjónusta aðila sem búa utan Íslands og hafa engin tengsl við Ísland önnur en að kaupa þjónustu hjá fyrirtæki sem skráð er á Íslandi og sækir stærstan hlut sinna tekna til erlendra viðskiptavina (yfir 99%) kemur í veg fyrir útrás fyrirtækja svo sem Núll níu ehf. Þetta er í miklu ósamræmi við þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegra fyrirtækja á erlendum mörkuðum. Ekki er heldur sjáanlegt hvað unnið sé með þeirri skráningu erlendra aðila. All stór hluti af sölu þjónustu Núll níu ehf mun fara fram á Netinu og ef krafa um skilríki og skráningu er til streitu haldið mun það koma í veg fyrir nútíma aðferðir við sölu og þjónustu.

Virðingarfyllt

Lárus Jónsson
Framkvæmdastjóri
GSM 898 6636

Núll níu ehf
Hamraborg 10
200 Kópavogi
Sími: 564 0761

Geir Ragnarsson
Fjarskiptaferkfræðingur og
yfirmaður tæknimála